

Nr. 15/1997. Miðvikudaginn 1. október 1997.
Alþýðusamband Íslands
f.h. Sjómannasambands Íslands
vegna Sjómannafélags Hafnarfjarðar
 (Jóhann Halldórsson hdl.)
 gegn
Hraunsvík ehf.
 (Magnús Guðlaugsson hrl.)

Kjarasamningur. Sjómannadagur. Sektargreiðsla.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Gunnar Sæmundsson.

Málið sem dómtekið var 26. sept. sl. er höfðað með stefnu áritaðri um birtingu og þingfestri 25. ágúst sl.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélags Hafnarfjarðar, kt. 570269-2839, Strandgötu 11, Hafnarfirði.

Stefndi er Hraunsvík ehf., kt. 470297-2639, Holtsbúð 23, Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda:

Að dæmt verði að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum greinar 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Að stefndi verði dæmdur til sektargreiðslu að fjárhæð kr. 265.537 samkvæmt grein 1.40. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Loks er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Þá krefst stefndi þess að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir.

Stefndi, Hraunsvík ehf., er útgerðaraðili v/b Hraunnars HF-346, skipaskrárn. 2204. Skipið er gert út frá Hafnarfirði. Undirmenn í áhöfn eru félagsmenn í Sjómannafélagi Hafnarfjarðar.

Að sögn stefnda hefur skipið leyfi til tilraunaveiða með línu utan 200 mílna lögsögunnar en ekki kvóta í fiskveiðilögsögunni.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að skipið hafi farið í sína fyrstu veiðiferð 2. maí 1997 og hafi henni átt að ljúka 1. júní 1997. Hinn 9. maí hafi gír skipsins bilað. Ekki hafi tekist að gera við bilunina úti á sjó og draga hafi þurft skipið í land. Varðskipið Ægir hafi komið með skipið til hafnar að kvöldi 13. maí 1997. Viðgerð hafi verið lokið 17. maí 1997. Áhöfn og útgerð skipsins hafi þá staðið frammi fyrir því að bíða í landi í hálfan mánuð fram yfir sjómannadag og fara þá út eða fara út til veiða og vera að veiðum á sjómannadaginn ef veiðiferð yrði ekki lokið fyrir þann tíma.

Sameiginleg niðurstaða útgerðar og áhafnar hafi verið sú að vegna þess tjóns sem báðir aðilar hafi orðið fyrir vegna vélarbilunar í fyrstu veiðiferð væru það miklir hagsmunir í húfi fyrir báða aðila að ekki væri réttlætlegt að bíða í landi fram yfir sjómannadag.

Aðilar hafi undirritað samkomulag þar sem öll áhöfnin hafi samþykkt að vera að veiðum á sjómannadag og samningsbundið frí vegna Sjómannadagsins fært til og því bætt við sem aukafrídegi eftir hverja veiðiferð. Aukafríð, 36 klst., skv. 3. mgr. gr. 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands hafi verið veitt að veiðiferð lokinni.

Skipið hafi farið í þriðju veiðiferð upp úr miðnætti 25. júní 1997.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 20/1987 skal fyrsti sunnudagur júnímánaðar vera almennur frídagur sjómanna. Í 5. gr. laganna segir að öll fiskiskip skuli liggja í höfn á sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12:00 á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12:00 á hádegi næsta mánudag.

Í grein 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna séu efnisleg samhljóða ákvæði og í 1. gr. laga nr. 20/1987 og að öðru leyti sé vísað til umræddra laga í kjarasamningnum.

Ákvæði laga og kjarasamninga eru undanþæg hvað varðar almennan frídag sjómanna að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Í 3. mgr. greinar 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna segir að ákvæði um frí um sjómannadagshelgina séu frávikjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé áhöfn skipsins kunn sú fyrirætlun áður en veiðiferð hefst. Í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 segir að ákvæði 1. mgr. séu frávikjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé skipsáhöfn kunn sú fyrirætlun áður en veiðiferð hefst. Einnig er vikið að því í lokamálslið 3. mgr. að víkja megi frá ákvæðum 1. mgr. ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skipshafnar. Engar þær ástæður sem um ræðir í ofangreindum undanþáguheimildum hafi verið fyrir hendi í því máli sem hér um ræðir.

Af öllu ofansögðu sé ljóst að stefndi hafi brotið bæði gegn ákvæðum greinar 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna og gegn 1. gr. laga nr. 20/1987 með því að halda skipi sínu á veiðum á almennum frídegi sjómanna. Engar þær aðstæður hafi verið fyrir hendi sem heimiluðu stefnda að víkja frá tilvitnuðum ákvæðum laga og kjarasamninga um sjómannadag. Engu breyti í þessum efnum þótt stefnda hafi tekist að afla samþykkis nokkurra skipverja fyrir úthaldi skipsins á sjómannadaginn. Ljóst sé af orðalagi 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 að samþykki allra skipverja þurfi. Slíkt einróma samþykki hafi ekki legið fyrir.

Er þess krafist að dæmt verði að stefndi hafi gerst brotlegur gegn grein 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna. Þess er jafnframt krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar samkvæmt grein 1.40. í fyrrnefndum kjarasamningi og að ákvörðuð verði hámarkssekt í þessu tilliti, þ.e. að fjárhæð kr. 265.537. sem renni í félagssjóð stefnanda, Sjómannafélags Hafnarfjarðar.

Stefndi, Hraunsvík ehf., eigi ekki aðild að heildarsamtökum útgerðarmanna og er því stefnt beint í þessu máli.

Um lagarök er vísað til kjarasamnings Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna og meginreglna samningaréttar um skyldu til efnda gerðra samninga. Þá styður stefnandi kröfu sína við lög nr. 20/1987, lög nr. 55/1980 og lög

nr. 80/1938. Krafa um málskostnað er studd með vísan til 130. gr. eml. nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun styðjist við lög nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að 3. mgr. 5. gr. i. f. laga nr. 20/1987 um sjómannadag eigi við um veiðar Hrannars HF-346 á sjómannadaginn 2. júní 1997. Hvergi í lögnum sé skilgreint hvað séu mikilvægir hagsmunir. Það sé þó ljóst, að þar sem samkomulag útgerðar og skipshafnar sé forsenda þess að víkja megi frá ákvæðum 1. mgr. 5. gr., hljóti þessir sömu aðilar að eiga lokamat á því hvaða hagsmunir teljist mikilvægir í skilningi 3. mgr. 5. gr. i. f.

Mat á því hvað teljist mikilvægir hagsmunir í skilningi 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 geti ekki verið eftirámat stefnanda eða annarra hagsmunasamtaka. Slíkt mat hljóti eðli máls samkvæmt að vera hjá þeim aðilum er gera samning eins og þann, er fram er lagður, byggður á þeim aðstæðum og upplýsingum, er fyrir hendi eru, þegar samningurinn er undirritaður.

Grein 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands sé efnislega samhljóða lögum nr. 20/1987 um sjómannadag að öðru leyti en því að samningsbundið frí sé lengra og sé skip á sjó á sjómannadag eigi áhöfn þess rétt á 36 klst. aukafri.

Stefndi hafi að fullu staðið við öll ákvæði samnings síns við áhöfn Hrannars HF-346 og ákvæði kjarasamnings Sjómannasambands Íslands og beri því að sýkna hann af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaðarkrafa stefnda byggist á 130 gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Í 1. mgr. greinar 1.14. í kjarasamningi aðila segir: „Öll fiskiskip skulu liggja í höfn um sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12.00 á hádegi næsta mánudag. Samfellt frí í tengslum við sjómannadag skal þó vera 72 klst. og telst það til innunninna frá skv. samningi þessum. Skipverjar skulu ekki vera skyldir til vinnu á framangreindu tímabili nema öryggi skipsins sé í

hættu. Að öðru leyti fer um frí á sjómannadaginn eftir því sem segir í lögum nr. 20/1987.“ Í 3. mgr. tilvitnaðrar greinar kjarasamningsins segir svo: „Ákvæði um frí um sjómannadagshelgina og um jól og áramót eru frávikjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé skipshöfn kunn sú fyrirætlan áður en veiðiferð hefst.“ Í kjarasamningi eru ekki frekari undanþágur frá meginreglu 1. mgr. um frí á sjómannadaginn. Í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 um sjómannadag er enn fremur veitt undanþága frá meginreglunni „ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skipshafnar“.

Í skjölum málsins er samkomulag, dags. 17. maí 1997, undirritað af 13 manna áhöfn skipsins þess efnis að skipið yrði á veiðum á sjómannadaginn. Fyrir liggur að skip stefnda, Hrannar HF-346, var á línuveiðum utan 200 mílna efnahagslögsögunnar umrætt sinn. Stefndi ber því við að veiðiferðin hafi verið skipulögð þannig að skipið yrði í höfn á sjómannadaginn en vegna bilunar í gír skipsins hafi sú ráðagerð farið út um þúfur. Eins og þessum aðstæðum er lýst af hálfu stefnda, þykja þær ekki fela í sér annað en almenna hagsmuni útgerðar af því að halda skipi sínu til veiða. Ekki verður fallist á að slíkir hagsmunir séu mikilvægir hagsmunir í skilningi greinds lagaákvæðis, eins og skýra verður það með hliðsjón af lögskýringargögnum.

Samkvæmt framansögðu hefur stefndi brotið gegn gr. 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna. Ber því að dæma stefnda, Hraunsvík ehf., til að greiða sekt að fjárhæð kr. 265.537 samkvæmt gr. 1.40. í greindum kjarasamningi, er renni í félagssjóð Sjómannafélags Hafnarfjarðar. Eftir þessum málsúrslitum er rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.000 og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hraunsvík ehf., braut gegn gr. 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Stefndi greiði kr. 265.537 í sekt er renni í félagssjóð Sjómannafélags Hafnarfjarðar.

Stefndi, Hraunsvík ehf., greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélags Hafnarfjarðar, kr. 100.000 í málskostnað.
